

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Ármúli, L145983, deiliskipulag íbúðarhúss og gestahúsa.

Deiliskipulagið tekur til um 2.500 m² svæðis í landi Ármúla.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir núverandi íbúðarhúsi, bílskúr og tveimur gestahúsum auk þess að afmarkaður er byggingarreitur fyrir tvö ný gestahús. Svæðið er skilgreint í gildandi aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021, sem landbúnaðarland. Aðkoma að svæðinu er um aðkomu-veg af Sauðárkróksbraut.

Samþykkt í sveitarstjórn 26. nóvember 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Sauðárkróki, 2. mars 2021.

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 17. mars 2021